



Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 28. nóvember 2022
Mál nr. 2211255

Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.

Á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar þann 28. nóvember 2022 var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins Bjarna Guðmundssonar, dagsett 25. nóvember 2022 þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 verði óbreytt frá fyrra ári eða 74%.

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu Borgarráðs Reykjavíkurborgar í samræmi við ákvæði gr. 22.1 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

„Borgarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem reiknast sem tiltekinn hundraðshluti af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Borgarstjórn ákveður hundraðshluta þennan til eigi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað hlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.“

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllst,
f.h. Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar


Gerður Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri

2022-11-25

Gerður Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri
Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar

Umsögn um viðbótariðgjald árið 2023

Samkvæmt 22. gr samþykkt Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar skal borgarstjórn ákveða til eigi skemmri tíma en eins ár í senn hlutfall sem borgarsjóður og viðkomandi stofnanir skulu greiða sjóðnum sem viðbótariðgjald sem reiknast tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið skal ákveðið að fenginni umsögn sjóðsstjórnar og tryggingastærðfræðings.

Um aðferð við útreikning á hlutfallinu segir svo í 22. grein:

“Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum iðgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Að því er stefnt að framlög hvers launagreiðanda, iðgjöld að viðbættum endurgreiðslum á lífeyri, standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðandans munu njóta hjá sjóðnum. Bakábyrgð borgarsjóðs verði aðeins virk að því marki sem fjárfestingar sjóðsins hafa ekki skilað eðlilegri ávöxtun, eða ef aðrir launagreiðendur reynast ófærir um að standa við skuldbindingar sínar. Miðað verði við að sjóðurinn skuli til jafnaðar ná 3,5% ávöxtun umfram hækkun verðlags.

Forsendur um lífs- og örorkulíkur og ávöxtun eru óbreyttar frá tryggingafræðilegri athugun sjóðsins miðað við lok árs 2021 sem miðað var við fyrir tillögu um hlutfall viðbótariðgjalds ársins 2022.

Er því lagt er til að viðbótariðgjald verði óbreytt frá því sem var árið 2022, eða 74% af lífeyri fyrir árið 2023.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson